RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Esther Finnbogadóttir
Kt. 3011693109
Dags. 1.7.2025 16:20:42
Ástæða: Lindarhvoll ehf. 2024 - Rafræn undirritun ársreiknings.

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Guðmundur Björgvin Helgason
Kt. 0312645379
Dags. 1.7.2025 16:35:47
Ástæða: Lindarhvoll ehf. 2024 - Rafræn undirritun ársreiknings.

# Lindarhvoll ehf.

## Ársreikningur 2024

## Yfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun stjórnenda ........ 3
Könnunaráritun Ríkisendurskoðunar ........ 4
Rekstrarreikningur ........ 5
Efnahagsreikningur ........ 6
Sjóðstreymi ........ 7
Skýringar ........ 8

**Lindarhvoll ehf.**
**kt. 670416-0460**
**Arnarhvoli við Lindargötu**
**101 Reykjavík**

# Skýrsla og áritun stjórnar

Ríkissjóður Íslands stofnaði félagið Lindarhvol ehf. til að annast umsýslu, fullnustu og sölu tiltekinna verðmæta sem Seðlabanki Íslands tók á móti í tengslum við stöðugleikaframlag slitabúa fallinna fjármálafyrirtækja, sbr. 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III við lög nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum.

Í ársbyrjun 2018 hafði Lindarhvoll ehf. að mestu lokið þeim verkefnum sem það hafði með höndum og komið stærstum hluta þeirra eigna í verð, sem það annaðist umsýslu með. Samkomulag varð um það milli stjórnar Lindarhvols og fjármála- og efnahagsráðuneytisins að fella við svo búið niður samning sem ráðuneytið gerði við félagið í apríl 2016 um úrvinnslu og umsýslu stöðugleikaeigna frá og með 7. febrúar 2018. Félaginu skyldi slitið í kjölfarið. Eftir uppsögn samningsins við fjármála- og efnahagsráðherra hefur félagið nær enga starfsemi haft með höndum, önnur en verkefni sem tengjast dómsmáli og gerð er grein fyrir í skýringu nr. 10.

Hlutafé félagsins er 30 m.kr. og er það allt í eigu ríkissjóðs. Óbreytt frá fyrra ári.

Enginn starfsmaður var hjá félaginu á árinu 2024 en stjórnarlaun voru greidd, líkt og á fyrra ári.

Á árinu var afkoma af rekstri félagsins samkvæmt rekstrarreikningi 0,0 m.kr.  Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir félagsins 65,4 m.kr., skuldir 35,4 m.kr. og eigið fé félagsins nam 30,0 m.kr. þann 31. desember 2024.

Stjórn félagsins vísar til ársreiknings varðandi ráðstöfun rekstrarhagnaðar ársins.

Stjórn Lindarhvols ehf. staðfestir ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík,        2025.

Esther Finnbogadóttir

(rafræn undirritun)

## Könnunaráritun Ríkisendurskoðunar

Til stjórnar Lindarhvols ehf.

**Álit**

Ársreikningur Lindarhvols ehf. fyrir árið 2024 er kannaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum**

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.

**Ábyrgð Ríkisendurskoðunar**

Ábyrgð Ríkisendurskoðunar felst í þeirri ályktun um ársreikninginn sem byggir á könnuninni.

**Umfang könnunar**

Könnun Ríkisendurskoðunar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningnum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningu á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum.

Könnunin felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og því er ekki víst að vitneskja hafi fengist um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi lætur Ríkisendurskoðun álit um endurskoðun ekki í ljós.

**Ályktun**

Við könnunina kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu fyrirtækisins á árinu, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ríkisendurskoðun, 2025

Guðmundur Björgvin Helgason,

ríkisendurskoðandi

(undirritað rafrænt)

# Rekstrarreikningur

| | Skýring | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Framlag ríkissjóðs | 3 | 21.366 | 21.298 |
| **Tekjur samtals án fjármunatekna og söluhagnaðar** | | **21.366** | **21.298** |
| **Gjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 5 | 2.175 | 2.176 |
| Annar rekstrarkostnaður | 6 | 20.025 | 19.635 |
| **Gjöld samtals án fjármagnsgjalda** | | **22.199** | **21.812** |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | |
| Fjármunatekjur | | 834 | 514 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals** | | **834** | **514** |
| **Afkoma ársins** | | **0** | **0** |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti rekstrarreiknings*



*Fjárhæðir eru í þúsundum króna*

# Efnahagsreikningur

| | Skýring | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Skammtímakröfur | 7 | 22.972 | 30.855 |
| Handbært fé | | 42.472 | 29.779 |
| **Veltufjármunir samtals** | | **65.444** | **60.634** |
| **Eignir samtals** | | **65.444** | **60.634** |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 30.000 | 30.000 |
| **Eigið fé samtals** | 8 | **30.000** | **30.000** |
| **Skuldir** | | | |
| Skammtímaskuldir | 9 | 35.444 | 30.634 |
| **Skammtímaskuldir samtals** | | **35.444** | **30.634** |
| **Skuldir samtals** | | **35.444** | **30.634** |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | **65.444** | **60.634** |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings*



*Fjárhæðir eru í þúsundum króna*

# Sjóðstreymi

| | Skýring | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| **Hreint veltufé frá rekstri** | | | |
| Afkoma ársins | | 0 | 0 |
| **Breyting rekstrartengdra eigna og skulda** | | | |
| Hækkun / - lækkun annarra rekstrartengdra eigna | | 7.884 | -25.184 |
| Lækkun / - hækkun rekstrartengdra skulda | | 4.810 | 18.423 |
| | | **12.694** | **-6.761** |
| **Handbært fé frá rekstri** | | **12.694** | **-6.761** |
| **Hækkun / - lækkun á handbæru fé** | | 12.694 | -6.761 |
| Handbært fé í byrjun árs | | 29.779 | 36.539 |
| **Handbært fé í árslok** | | **42.472** | **29.779** |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymis*



*Fjárhæðir eru í þúsundum króna*

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Lindarhvoll ehf. er einkahlutafélag í 100% eigu íslenska ríkisins. Kennitala félagsins er 670416-0460 og aðsetur þess er að Arnarhvoli, 101 Reykjavík. Félagið er hluti af samstæðu ríkissjóðs.

Lindarhvoll ehf. starfar á grundvelli laga um einkahlutafélög nr. 138/1994. Samkvæmt samþykktum félagsins er tilgangur þess að annast umsýslu, fullnustu og sölu á eignum ríkissjóðs, mótteknum sbr. 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III við lög nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur Lindarhvols ehf. fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/2019. Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og er í íslenskum krónum.

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast félaginu. Í lok ársins eru áfallin gjöld, sem tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð í rekstrarreikning og á ógreidd gjöld í árslok.

## 3. Framlag ríkissjóðs

Samkvæmt 5. gr. samnings fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvols ehf. dags. 29. apríl 2016 og lögum nr. 24/2016 skal kostnaður við úrvinnslu og ráðstöfun stöðugleikaframlagseigna vera greiddur af söluvirði þeirra.

## 4. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

## 5. Laun og launatengd gjöld

| Launakostnaður eru stjórnarlaun: | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Stjórnarlaun | 1.800 | 1.800 |
| Launatengd gjöld | 375 | 376 |
| **Launagreiðslur samtals** | 2.175 | 2.176 |

Engin ársverk voru hjá félaginu á árinu, líkt og á fyrra ári.

## 6. Rekstrarkostnaður

| Rekstrarkostnaður greinist þannig: | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Aðkeypt lögfræðiþjónusta | 9.248 | 17.736 |
| Bókhald, skattskil og endurskoðun | 10.507 | 1.134 |
| Annar kostnaður | 270 | 765 |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | 20.025 | 19.635 |

## 7. Skammtímakröfur

| | | |
|---|---|---|
| Krafa á ríkissjóð vegna framlags | 21.366 | 21.298 |
| Aðrar kröfur | 1.606 | 9.558 |
| **Skammtímakröfur samtals** | 22.972 | 30.855 |

Viðskiptastaða við ríkissjóð vegna framlags greinist með eftirfarandi hætti:

| | | |
|---|---|---|
| Rekstrarkostnaður ársins | 20.025 | 19.635 |
| Launagreiðslur | 2.175 | 2.176 |
| Hreinar fjármunatekjur | -834 | -514 |
| **Krafa á ríkissjóð vegna nettó gjalda ársins** | 21.366 | 21.298 |

## 8. Eigið fé

| | Hlutafé | Samtals |
|---|---|---|
| Eigið fé í ársbyrjun | 30.000 | 30.000 |
| Hagnaður ársins | 0 | 0 |
| **Eigið fé í árslok** | 30.000 | 30.000 |

## 9. Skammtímaskuldir

| | | |
|---|---|---|
| Skuld við ríkissjóð | 35.360 | 20.937 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 84 | 9.697 |
| **Skammtímaskuldir samtals** | 35.444 | 30.634 |

## 10. Önnur mál

Frigus II ehf. stefndi íslenska ríkinu og Lindarhvoli ehf. til greiðslu skaðabóta að fjárhæð rúmlega 651 milljón króna vegna tjóns sem félagið taldi sig hafa orðið fyrir vegna sölumeðferðar Lindarhvols á hlutafé í Klakka ehf. og nauðasamningakröfu á hendur sama félagi. Málið var þingfest í september 2020 og dómur féll þann 17. mars 2023 þar sem ríkið og Lindarhvoll ehf. voru sýknuð af öllum kröfum Frigusar. Frigus áfrýjaði málinu til Landsréttar sem staðfesti sýknu með dómi 17. október 2024. Hæstiréttur hafnaði áfrýjunarleyfi 10. desember 2024.